

Fundur stjórnar Félags rannsóknastjóra

26. júní 2019, 10:00-11:00

Mætt: Sóley Gréta Morthens, Úlfar Gíslason, Eiríkur Smári Sigurðarson, Elísabet M Andrésdóttir (ritaði fundargerð)

Drög að fundargerð

1. Eiríkur Smári upplýsti um fjárhagslega stöðu félagsins sem er nú 1,2 mkr.
2. Farið var yfir helstu viðburði sem standa fyrir dyrum og hugmyndir að viðburðum sem félagið gæti staðið fyrir.
 - a. Sean McCarthy með námskeið 30. ágúst - rætt var um hvort að félagið niðurgreiði þátttökugjaldið sem er 28.000 kr.
 - b. Hí mun fá til sín sérfræðing á sviði siðfræði í október til að halda vinnustofu fyrir umsækjendur rannsóknastyrkja og styrkþega, hugsanlegt að opna fundinn fyrir félagsmönnum.
 - c. Rætt var um að fá Julie Bayley, sérfræðing frá Bretlandi og formann vinnuhóps INORMS um áhrif rannsókna, til að halda fræðslufund um „Impact“. Eiríkur Smári mun hafa samband og athuga með möguleika á að fá hana til landsins í haust.
 - d. ERC kynningarfundur verður líklegast í desember. Félagið mun auglýsa fundinn meðal félagsmanna.
 - e. Einnig eru hugmyndir uppi um að halda stutta fræðslufundi (kaffihúspjall) með léttum veitingum. Könnun send á félagsmenn varðandi umfjöllunarefni í haust.
 - f. Áhugavert væri að fá fulltrúa úr COST verkefninu BESTPRAC sem Félag rannsóknastjóra tekur þátt í til að kynna verkefnið og helstu niðurstöður. Verkefninu er að ljúka.
3. Stjórnin ræddi tilnefningar til verðlauna INORMS fyrir framúrskarandi rannsóknastjóra og komst að niðurstöðu. Viðurkenningin verður veitt á næstu ráðstefnu INORMS í Hiroshima 2020.
4. Næsti fundur er í ágúst með fulltrúum háskólabókasafna.